

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Carbon Recycling International Svartsengi, Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	20.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Carbon Recycling International	<b>Eftirlitsmaður</b>	Einar Halldórsson
<b>Heimili</b>	Holtasmára 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	530306-0540	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	<b>ÍSAT nr.</b>	72190
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	329903,036 383317,415

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti en ein ábending var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins 2018 hjá CRI í Svartsengi, Gunnar Þórðarson var fulltrúi rekstraraðila og Einar Halldórsson og Gottskálf Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar í þessu eftirliti.

Dagskrá eftirlits:

1. Starfsleyfi og undanþágur - fjöldi rekstrardaga
2. Staða frávíka og athugasemda
3. Úrgangur og geymsla úrgangsefna
4. Atvik, óhöpp og kvartanir
5. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi – mengunarvarnir
6. Önnur mál.

Skoðun á verksmiðjunni

1. Lítil framleiðsla hefur verið í verksmiðju CRI í sumar og haust. Fyrst vegna tæringar í rafgreinum sem sendir hafa verið í viðgerðir. Eins hefur tíminn verið notaður í annað viðhald og skipt um olíu á pressum o.þ.h. Þegar komið var í eftirlit voru rekstrardagar orðnir 787 en það eru 57 dagar fram úr heimildum tilraunaleyfisins sem gefið var út í janúar 2010 en rann út í febrúar á þessu ári. Frá 20 ágúst sl. hefur verksmiðjan verið rekin á tímabundinni undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þá eigi lengur en til 1. mars 2019.

2. Í síðasta eftirliti kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Í grein 3.2 í starfsleyfinu er krafa um að afrit af skýrslu um ástandsskoðun tengileiðsla og tengiröra skuli send Umhverfisstofnun árlega. Brugðist var við frávikinu og ástandsskýrsla barst um hæl og var frávikinu lokað með bréfi þann 4. júlí 2018, ref: UST201806-004/H.G.

Athugasemd var gerð við geymslu úrgangsefna á lóð verksmiðjunnar og farið fram á úrbætur svo ekki væri hætt á mengun umhverfisins né að efnin hafi skaðleg áhrif á fólk eða dýr. Rekstraraðili hefur brugðist við og látið færa úrgangsefnin í geymslu hjá viðurkenndum aðila. Eins var bent á í eftirlitinu að notaður lútur sem rekstraraðili afgreiðir til Síldarvinnslunnar í Helguvík til endurnýtingar sé hættulegur varningur og að uppfylla þurfi ADR kröfur við flutning efnanna á þjóðvegum. Skyldur sendanda hættulegs varnings snúa fyrst og fremst að vali á umbúðum og merkingum umbúða sem og afhendingu farmbréfs til flutningsaðila.

3. Farið var yfir notkun efna í verksmiðjunni og fram kom að kalíumhýdroxíð (lútur) er notað í ferlinu, eins er sínkoxíð notað, eins amínlausn, natríumklóríð og efnahvati. Efnum er skipt út reglulega en mishratt og eftir því sem þörf er á. Notaður lútur hefur verið afgreiddur til Síldarvinnslunnar í Helguvík til endurnýtingar, en öðrum efnum er safnað upp og fyrirhugað er að senda þau erlendis í endurvinnslu. Eins fara efni frá verksmiðjunni til eyðingar hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Nú þegar geymsla á úrgangsefnum hefur verið færð í þar til gerðar geymslur hjá verktaka þá er ekki gerð athugasemd við meðferð úrgangs en minnt er á skyldur sendanda er varðar flutning á hættulegum farmi um vegi.

4. Samkvæmt starfsleyfi þá skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um atvik, óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun fyrirtækisins. Rekstraraðili upplýsti að reksturinn hafi verið tíðindalaus og engin óhöpp eða slys hafi orðið. Eins hafa engar kvartanir borist vegna reksturs fyrirtækisins.

5. Farið var yfir helstu kröfur í starfsleyfi CRI. Áhættumat vegna rekstursins og viðbragðsáætlun liggja fyrir. Grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust á réttum tíma. Mælingar á rokgjörnum lífrænum efnasamböndum (VOC) hafa alltaf verið undir tilskildum mörkum (35 g/Nm<sup>3</sup>/klst) í útblæstri. Hljóðmælingar hafa verið gerðar og mældist hávaði undir leyfilegum mörkum. Skráningar á rekstrarþáttum sem tilskildar eru s.s. á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði, tæmingu og eyðingu efna úr hreinsibúnaði í fráveitu, ástandsskoðunum búnaðar o.s.frv. eru í góðu lagi.

6. Eins og áður segir er verksmiðjan rekin á undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Undanþágan er bundin því skilyrði að rekstraraðili fari að skilyrðum fyrra starfsleyfis að undanskildum ákvæðum um brennara í útblæstri í grein 2.3 og meðhöndlunar alkóhóls í frárennsli í grein 2.8. Vothreinsun á útblæstri hefur gefið góða raun og VOC efni í útblæstri jafnan í lágum styrk. Frárennsli frá verksmiðjunni hefur farið um lögn í borholu rétt við lóðarmörkin. Borhola SV-1 var útbúin og fóðruð og fyrirhugað er að dæla frárennslinu í jarðsjó á 238 - 262 m dýpi ef það telst örugg eyðing. Þar er þrýstingur um 20 bör og hitastig jarðsjávarins er um 65 – 70 °C.

Enn hefur þessi aðferð við losun frárennslis verksmiðjunnar ekki hlotið samþykki Umhverfisstofnunar. Rætt var um umhverfisstefnu og umhverfismarkmið og afhentur bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið. Ný reglugerð, nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit gerir ráð fyrir að mengandi rekstur sé settur í kerfisbundið mat á umhverfisáhættu og tíðni eftirlits hjá Umhverfisstofnun ráðist af áhættunni.

Farið var í skoðun á verksmiðjulóðinni. Skoðaðar voru þrær við olíufyllta spenna, áfyllingaraðstaða fyrir metanól og aðstaða til geymslu á efnum og úrgangi. Ekki er gerð athugasemd við aðstöðuna í þessari skýrslu.

## ÁBENDINGAR

1. Bent er á skyldur rekstraraðila sem sendanda er varðar flutning hættulegs farms á vegum (ADR reglur).

## ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhendur í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.12.2018



Gottskálk Friðgeirsson